

Davíð Stefánsson (1895-1964), skáld frá Fagraskógi

2012/15

Davíð Stefánsson fæddist 21. janúar 1895 að Fagraskógi í Eyjafirði. Foreldrar hans voru Stefán Baldvin Stefánsson, bóndi og síðar Alþingismaður og Ragnheiður Davíðsdóttir.

Davíð lauk gagnfræðiprófi frá Gagnfræðiskólanum á Akureyri árið 1911.

Hann bjó í Kaupmannahöfn á árunum 1915-1916.

Davíð gekk í Menntaskólann í Reykjavík frá 1916 og lauk stúdentsprófi þaðan vorið 1919.

Veturinn 1919-1920 lærði Davíð heimspeki við Háskóla Íslands og starfaði með fram því sem ritari á Alþingi. Rétt fyrir jólin 1919 kom Svartar fjaðrir fyrsta ljóðabókin hans út.

Árin 1920-1924 var Davíð mikið á ferðalögum og ferðaðist til Kaupmannahafnar, Ítalíu og Noregs.

Davíð tók við föstu starfi sem amtsbókavörður á Amtsbókasafninu á Akureyri árið 1925 og starfaði þar til 1951.

Í manntalsskjölum kemur fram að Davíð bjó á Akureyri frá 1926. Hann er skráður sem bókavörður allt til 1949 en þá og eftir það hefur hann starfsheitið rithöfundur.

Davíð bjó í Barnaskólahúsinu í Hafnarstræti 53 frá 1933 til 1943 og flutti svo árið 1944 í nýbyggt hús sitt við Bjarkarstíg 6. Þar bjó hann til æviloka.

Hann var útnefndur heiðursborgari Akureyrar 21. janúar 1955 á sextugsafmælinu sínu. Eftir Davíð liggur fjöldi ljóðabóka, leikrit og ein skáldsaga.

Ýmislegt úr fórum Davíðs er geymt hér á safninu, meðal annars bréf, handrit og myndir. Einnig eru hér þrír pakkar úr hans fórum með skýrum leiðbeiningum um hvenær megi opna þá. Tvo þeirra má opna árið 2100 en þann þriðja má ekki opna fyrr en 2250, eða ef atómsprengjur falla á landið

Davíð lést á Akureyri 1. mars 1964. Hann var ókvæntur og barnlaus.

Afhendingin barst frá Friðriki Ásmundssyni Brekkan. Önnur skjöl úr fórum Davíðs Stefánssonar eru geymd á safninu undir númerinu G-50.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

26. maí 2026

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. AskjaÖrkTímabilEfni

2012 / 15

A-Davíð Stefánsson

A-Davíð Stefánsson-

A	1	1	-	Eiginhandarrit Davíðs Stefánssonar að kvæðinu Helga Jarlsdóttir; ljósrit af kvæðinu; 2 bréf frá Friðrik Ásmundssyni Brekkan (2012).
---	---	---	---	---